

## **8. stjórnarfundur FÍF, 14. janúar 2019 kl. 12:00 í Borgartúni.**

Mætt: Hugrún, Bára, Ása, Óli og Gerður sem ritaði fundargerð.

1. Kannanirnar sem sendar voru félagsmönnum til að kanna hvað þeim finnst mikilvægast að leggja áherslu á í komandi kjarasamningum klárast í þessum mánuði.
2. Kjararáðstefna BHM er á morgun þar sem farið verður yfir útkomuna úr vinnufundunum sem haldnir hafa verið fyrir hvern viðsemjanda fyrir sig (ríki, Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga). Þar verða líka rædd rök með og á móti heildarsamfloti BHM.
3. Ekki er enn búið að útdeila potti sem FÍF fékk í síðustu samningum og samþykkt var að gera á stjórnarfundum í ágúst 2018. Starfsmenn skrifstofu ganga í málið hratt og örugglega.
4. Aðalfundur FÍF verður haldinn 20. febrúar klukkan 12:00-13:30. Þar verður kynning á stöðunni í undirbúningi kjarasamningsviðræðna, auk aðalfundarstarfa.

Fundi slitið 13:00.